

Alþingi
Erindi nr. P 127/1064
komudagur 8. 3. 2002



ÁFENGIS- OG
VÍMUVERNARÁÐ

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2002

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, þskj. 260 - 233. mál.

Áfengis- og vímuvarnaráð styður þingsályktunartillöguna og tekur undir það að ástæða sé til að móta heildarstefnu um áfengis- og vímuefnameðferð og þátttöku ríkisins í kostnaði af henni. Sömuleiðis telur ráðið tímabært að gera árangursmat á þeirri meðferð sem er í boði.

Ein athugasemd er þó gerð við greinargerðina sem fylgir tillögunni. Þar segir m.a.: „Mikilvægt er að vel takist til á þessu sviði svo að unnt sé að ýta burtu þeirri vá sem ofneysla vímuefna er allt of víða.“ Þessi setning gefur hugmynd um að meðferð sé eina ráðið til að stemma stigu við vaxandi áfengis- og vímuefnaneyslu. Aðgerðir, sem miða að því að koma í veg fyrir skaðann í stað þess að reyna að laga hann eftir á eru hins vegar ekki síður mikilvægar. Þar má meðal annars nefna lög og reglur, sem sýnt hefur verið fram á að fela í sér forvarnir fyrir börn og unglinga, fræðslu til almennings, stuðning við áhættuhópa og rannsóknir.

Áfengis- og vímuvarnaráð,

Þorgerður Ragnarsdóttir
Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri